

Sp.

754. Nefndarálit

[173. mál]

um till. til þál. um hraðfrystihús á Siglufirði.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Það varð að samkomulagi í fjárveitinganefnd að gerbreyta að forminu til tillögu þeirri, sem hér um ræðir, þannig að ríkisstjórnin fengi heimild til þess að veita nauðsynlega aðstoð á þeim stöðum, þar sem atvinnuörðugleikar eru það miklir, að eigi yrði hjá slíkum ráðstöfunum komizt. Það voru leidd rök að því, að þörf væri aðstoðar í þessu efni víðar en á Siglufirði. Í samræmi við þessa breytingu var og rýmkað nokkuð til um þá fjárupphæð, sem ríkisstjórnin hefði til umráða í þessu skyni. Um þessar breytingar var enginn ágreiningur í nefndinni. Hins vegar vildi meiri hluti nefndarinnar ekki á það fallast, að þegar um það væri að ræða, að veitt yrði aðstoð til þess að koma upp fyrirtækjum, t. d. hraðfrystihúsum eða fiskimjölsverksmiðjum, þá væri aðstoðin því skilyrði bundin, að bæjar- eða sveitarfélag eða félag einstakra manna eigi og reki fyrirtækið. Ég tel það mjög þýðingarmikið atriði, að aðstoð og aðgerðum þess opinbera sé beint að því, þegar um slíka hjálparstarfsemi er að ræða, að efla eða koma á fót fyrirtækjum, sem eru í eigu þeirra manna, er viðkomandi stað byggja, og rekin á þeirra ábyrgð. Það er mín skoðun, að með þessum hætti sé stefnt að raunhæfari og heilbrigðari lausn þess vanda, sem við blasir, heldur en að farið væri að koma upp ríkisfyrirtæki á staðnum, er rækja ætti þetta hlutverk. Ég hef því í breytingartillögu minni markað þetta sjónarmið.

Í brtt. meiri hluta nefndarinnar er svo að orði komizt, að ríkisstjórninni sé heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þessara ráðstafana. Þetta felur í sér, eftir orðanna hljóðan, að upphæð sú, sem hér um ræðir, allt að 4 millj. króna, ef hún er öll notuð, verði af hendi látin án þess að féð sé endurkræft. Þetta tel ég ofrausn. Það er vitað, að lán úr ríkissjóði mundi í mörgum tilfellum koma hér að haldi, og er því fráleitt að vera að binda hendur ríkisstjórnarinnar um það, að féð sé óendurkræft. Ég hef því og flutt brtt. um þetta atriði.

Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Meginmál 1. liðar brtt. 734 orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja eða lána af ríkisfé, annaðhvort eða hvort tveggja, allt að 4 millj. króna til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, eftir því sem nauðsynlegt er. Þegar slík aðstoð er veitt til þess að koma upp fyrirtækjum, skal hún því aðeins látin í té, að bæjar- eða sveitarfélag eða félag einstakra manna eigi og reki fyrirtækið. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari, um mótframlög, tryggingar og annað, sem hún telur nauðsynleg.

Alþingi, 22. jan. 1952.

Pétur Ottesen.